

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

# NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM BORGARFJARÐARVEG UM VATNSSKARÐ EYSTRÁ

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Borgarfjarðarvegur nr. 94 um Vatnsskarð eystra í Norður-Múlasýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Nýr 6,6 km langur vegur frá efsta hluta Vatnsskarðs á Borgarfjarðarvegi nr. 94 niður í Njarðvík utan við Innri-Hvannagilsá.

**Markmið framkvæmdar:** Að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi.

**Frumathugun:** Þann 23. maí 1999 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 2. júní 1999 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og 3. júní 1999 í Dagskránni. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 2. júní 1999 til 7. júlí 1999 á skrifstofu Borgarfjarðarhrepps, bæjarskrifstofu Austur-Héraðs, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar Borgarfjarðarhrepps, Austur-Héraðs, Náttúruverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands. Framkvæmdin var kynnt Samvinnunefnd um svæðisskipulag Héraðssvæðis.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:** Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð eystra. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Hönnun og ráðgjöf hf. verkfræðistofa, maí 1999.

**Önnur gögn:** Svör framkvæmdaraðila við bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 31. maí 1999 um endurheimt votlendis.

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum, athugasemd og fyrirspurnum Skipulagsstofnunar, dags. 6. júlí 1999.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Borgarfjarðarhrepps** með bréfi dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi dags. 8. júní 1999. Þar segir m.a.:

*„Hreppsnefnd telur ekki ástæðu til að fjölyrða um umhverfismatið en telur þó óþarfa áherslu lagða á umhverfisáhrif við tjörnina á Vatnsskarði, sem ekki er sýnileg nema tvo til þrjá mánuði á ári. Nefndin telur að brýrnar og gamli vegurinn í Njarðvík ættu að standa áfram m.a. vegna umferðar göngufólks og sauðfjár.“*

Leitað var umsagnar **Austur-Héraðs** með bréfi dags. 27. maí 1999 og barst umsögn umhverfisráðs með bréfi dags. 11. júní 1999. Þar segir m.a.:

*„Umhverfisráð Austur-Héraðs leggur áherslu á:  
Að frágangur eldri vegar verði fullnægjandi, sem og að nýting efnis úr eldra vegarstæði verði sem best. Skoðað verði vel hvort ekki megi samræma nýja og gamla veglínu betur en fyrirhugað er í tillögum. Lokafrágangi framkvæmda verði hraðað sem mest má verða.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi dags. 24. júní 1999. Þar segir m.a.:

*„ Gróður*

*[...] Náttúruvernd ríkisins telur að forðast eigi að leggja vegi yfir óraskað votlendi enda hefur gengið mjög á mýrlendi á þessari öld vegna framræslu. Nauðsynlegt er að vernda það sem eftir er ósnert, m.a. vegna fuglalífs. [...] Vegalagning yfir votlendi er jafnframt í ósamræmi við nýsamþykkt lög nr. 44/1999 um náttúruvernd sem taka gildi 1. júlí nk. en samkvæmt 37. gr. þeirra laga skulu mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.*

*Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að á þeim kafla þar sem fyrirhugaður vegur liggur um hálfdeigjur með mýraflákum verði öllu efni keyrt í veginn og að röskun á landi miðist fyrst og fremst við vegstæðið sjálft. Ekki verði um að ræða hliðarytingu meðfram vegi. Þá verði leitast við að raska ekki vatnafari í votlendinu.*

*Náttúruvernd ríkisins leggur einnig áherslu á að skeringum og fyllingum verði haldið í lágmarki til að röskun á gróðurþekju verði sem minnst og að vegurinn verði sem minnst áberandi í landi. Þetta á ekki síst við um veglínuna á milli Innri- og Ytri-Hríshöfða þar sem land er gróskuríkt með fjölbreyttum gróðri og að hluta vaxið kjarri. Samkvæmt grunnmynd 2 í frummatsskýrslu er víða gert ráð fyrir miklum skeringum og fyllingum í veglínunni og telur Náttúruvernd ríkisins vert að athuga hvort ekki megi minnka þær og draga þannig úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Til dæmis væri rétt að athuga hvort ekki megi minnka áhrif frá vegfláa við stöð 8400 en þar er bratti mikill og vegfláinn nær u.þ.b. 50 m niður frá vegi. Land er vel gróið í brekkunni neðan við veglínuna og því má búast við talsverðum spjöllum vegna þess efnis sem þarna gengur niður. [...]*

*Dýralíf*

*[...] Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemdir við að ekki var gerð úttekt á dýralífi vegna framkvæmdarinnar. Slíkt hefði verið eðlilegt í ljósi þess að ekki eru til margar ritáðar heimildir um dýralíf á þessum slóðum samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu. [...]*

*Efnisnám*

[...] Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar um afmörkun efnistökusvæða og efnistöku. Gera verður áætlun um frágang svæðanna áður en efnistaka hefst.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í fylgiskjali 1 koma fram ábendingar um að við efnistöku í Innri-Hvannagilsá verði að hafa í huga að Hvannagilin eru áhugaverðir útivistarstaðir og þar um liggja vinsælar gönguleiðir. Nauðsynlegt er að efnistaka á þessum stað verði skipulögð með þetta í huga, sem og frágangur.

*Frágangur*

[...] Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að farið verði eftir ábendingum og athugasemdum eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar á Austurlandi og að haft verði samráð við hann um frágang efnistökusvæða og annan frágang vegna framkvæmdarinnar eins og áætlað er samkvæmt frummatsskýrslu. Stofnunin telur ánægjulegt að ætlunin sé að leita ráðgjafar um uppgæðslu á svæðinu enda telur hún mikilvægt að við slíkar aðgerðir sé haft samráð við sérfróða aðila, s.s. plöntu- vistfræðinga. Stofnunin bendir þó á að það er ekki sjálfgefið að sá eigi í allt raskað land að framkvæmdum loknum heldur verður frágangur að taka mið af umhverfi þess. Á ákveðnum svæðum getur verið æskilegra að sáning fari ekki fram og að náttúruleg gróðurframvinda sé látin ráða.

Að öðru leyti gerir Náttúruvernd ríkisins ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum að jarðraski verði haldið í lágmarki og að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi um framkvæmdina, þ.m.t. efnistöku, og frágang vegna hennar. “

Leitað var frekari umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi dags. 15. júlí 1999 og barst umsögn með bréfi dags. 19. júlí 1999. Þar segir m.a.:

„Ljóst er að leið 1 og 2 munu báðar valda töluverðu raski á grónu landi og fara þær báðar að hluta til um kjarri vaxið land. Eins og fram kemur í skýrslu eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar um framkvæmdina, dags. 19. mars sl. virðist leið 2 að ýmsu leyti leggjast betur í landið en leið 1 en hún hefur þann ókost að þvera djúpt gil Njarðvíkurár sem líklega hefur í för með sér miklar skeringar og fyllingar beggja vegna gilsins. Þá mun leið 2 fara yfir meira votlendi en leið 1, sbr. greinargerð Náttúrustofu Austurlands um gróðurfar svæðisins. Náttúruvernd ríkisins telur því að út frá náttúruverndarsjónarmiðum sé leið 1 betri kostur en leið 2.“

Leitað var umsagnar **Skógræktar ríkisins** með bréfi dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi dags. 28. júní 1999. Þar segir:

„Skógrækt ríkisins gerir ekki athugasemdir við ofangreint mat á umhverfisáhrifum. Samráð það sem gert er ráð fyrir að Vegagerðin hafi við landeigendur og Skógrækt ríkisins um mótvægisáðgerðir vegna eyðingar kjarrs dugar til að uppfylla skilyrði skógræktarlaga.“

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi dags. 21. júní 1999. Þar segir m.a.:

„Í frummatsskýrslu kemur fram að teknir verða um það bil 55 þúsund rúmmetrar af mól úr aurkeilu í farvegi Innri Hvannadalsár. Með tilvísun til ofannefndrar lagagreinar [43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.b.] getur undirritaður fallist á þessa efnistöku, ef varlega er farið og þess gætt að ekki verði meiri háttar aurburður niður í Njarðvíkurá á veiðitíma. Einnig er mikilvægt, að þannig sé gengið frá stálhólkum í ræsum að þeir séu vel fiskgengir en því hefur oft verið ábótavant.“

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi dags. 11. júní 1999. Þar segir m.a. að minjavörður Austurlands hafi gert vettvangskönnun á svæðinu og engin merki fornminja hafi sést í fyrirhugaðri veglínu.

„Þjóðminjavarðslan gerir enga athugasemd við áformaðar framkvæmdir eins og þeim er lýst í skýrslunni. Komi fornleifar í ljós eftir að verkið er hafið ber hins vegar að gera Þjóðminjasafninu viðvart svo fljótt sem kostur er og stöðva framkvæmdir uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi framhalda og með hvaða skilmálum sbr. 20. gr. þjml. nr. 88/1989.“

### 3. ATHUGASEMDIR

Athugasemd barst frá **Magnúsi Þorsteinssyni**, dags. 28. júní 1999. Þar segir m.a.:

„Á svæðinu milli Hríshöfðanna, einkum á kaflanum milli stöðva 10000 og 10700 þyrfti hinsvegar að auka skeringar og fyllingar til að draga úr snjósöfnun á veginn en þar með ykjast umhverfisáhrifin úr hófi. Í 5. kafla skýrslunnar segir að snjósöfnun muni líklega verða minni en á núverandi vegi. Það er fjarri því að vera viðunandi markmið. Eitt af höfuðmarkmiðum í vegagerð ætti að vera að sem mest dragi úr snjósöfnun á veginum. Lokunardagar vegna snjóá hafa ekki farið niður í 5 eitthvert síðustu fimm árum eins og haldið er fram á bls. 12. Lágmarkið er einhvers staðar á milli 10 og 20 dagar og hafa þó vetur verið snjóléttir á þessu tímabili.“

Þverun Njarðvíkurár á leið 2 ætti að vera nokkru utar en Vegagerðin gerir tillögu um. Þar með yrði fyllingin mun lægri, kostnaður verulega minni og umhverfisáhrif talsvert minni. Í Njarðvíkurá þarf stórt stálræsi hvaða leið sem valin er. Fráleitt er að setja stálræsi á Innri-Hvannagilsá í sama flokk eins og gert er á bls 11. Kostnaður við stálræsi í Innri-Hvannagilsá, þegar til byggingar þess kemur, verður ekki nema lítill hluti kostnaðar við stálræsið í Njarðvíkurá.

Ég er ósammála einkunnagjöf í töflu 4 um umhverfisáhrif, einkum hvað varðar gróður og landmótun, en þar tel ég að leið 2 eigi að hafa einn mínus en hinar leiðirnar tvo mínusa hvor. Þá tel á að kostnaður geti orðið sambærilegur á leið 1 og 2, sbr. athugasemd hér á undan. Ekki er ágreiningur um að leið 1 sé vegtæknilega best. Ég tel hinsvegar að leið 2 sé ekki að ráði lakari vegtæknilega en snjóléttari og valdi minni umhverfisröskun. Niðurstaða mín er sú að leið 1 valdi meiri umhverfisspjöllum en svo að hægt sé að fallast á hana á þessu stigi enda kemur önnur umhverfisvænni leið fyllilega til álita“

## 4. UMHVERFISÁHRIF BORGARFJARÐARVEGAR UM VATNSSKARÐ EYSTRÁ

### 4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning nýs 6,6 km langs vegar á Borgarfjarðarvegi nr. 94 frá efsta hluta Vatnsskarðs á Austur-Héraði niður í Njarðvík utan við Innri-Hvannagilsá í Borgarfjarðarhreppi. Stálræsi verða sett í Njarðvíkurá og Innri-Hvannagilsá í stað einbreiðra brúa. Vegurinn verður lagður malarslitlagi. Áætlað er að framkvæmdin verði unnin í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn sem er 4,6 km vegakafli yfir Vatnsskarð að Ytri-Hríshöfða er áætlað að bjóða út sumarið 1999 og mun framkvæmdum ljúka haustið 2000. Síðari áfangi er 2 km langur vegarkafli frá Ytri-Hríshöfða niður í Njarðvík. Óljóst er hvenær ráðist verður í síðari áfanga framkvæmdarinnar. Heildarkostnaður er áætlaður um 90 m.kr.

#### 4.1.1 Lega vegar

Samkvæmt frummatsskýrslu er núverandi vegur lítið uppbyggður með kröppum beygjum, víða í miklum bratta og oft snjóþungur. Vegurinn liggur frá efsta hluta Vatnsskarðs, sem er hæst í um 430 m h. y. sjó, niður í Njarðvík í um 30 m h. y. sjó. Vegurinn fer um lönd jarðanna Unaóss og Njarðvíkur.

Samkvæmt frummatsskýrslu var við val á veglínunum notað landlíkan sem gefur möguleika á að skoða vel legu vegar m.t.t. langhalla, beygja og efnisparfar. Var núverandi vegstæði notað eins og mögulegt var. Efst á Vatnsskarði viku vegurinn um 50-300 m norður fyrir núverandi veg og allt að 300 m við Neðra-Vatnsskarð. Frá Vatnsskarðbrekku yfir á Ytri-Hríshöfða viku vegurinn um allt að 900 m til suðurs frá núverandi vegi niður með Innri-Hríshöfða. Frá Ytri-Hríshöfða þar sem núverandi vegur er þveraður og niður í Njarðvík mun vegurinn liggja allt að 400 m norðvestan við núverandi veg. Utan við aurkeilu Innri-Hvannagilsár tengist vegurinn núverandi vegi.

Á fyrirhuguðum vegi er bratti um eða undir 10% nema á stuttum kafla ofan við Vatnsskarðbrekku þar sem halli er 12%. Kröppum beygjum fækkar úr 18 á núverandi vegi í 6, brattar brekkur verða færri og styttri og sjónlengdir aukast. Hönnunarhraði vegar er 40-80 km/klst. Við frágang vegarins verða sett ræsi þar sem búast má við rennandi vatni og að vatn geti safnast fyrir.

#### 4.1.2 Efnistaka

Heildarefnisþörf er um 230.000 m<sup>3</sup>. Um 110.000 m<sup>3</sup> verða teknir úr 4 námum og um 120.000 m<sup>3</sup> úr skeringum.

Úr námu A í Vatnsskarði verða teknir um 30-35.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni af um 27.000 m<sup>2</sup> svæði í um 1-2 m lagi. Áður hefur verið tekið efni úr námunni sem er útvíkkun á skeringu. Gengið verður frá námunni í verklok.

Úr námu B í Vatnsskarði verða teknir um 25-30.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni af um 15.000 m<sup>2</sup> svæði í um 1,5-2 m lagi. Áður hefur verið tekið efni úr námunni sem er útvíkkun á skeringu. Gengið verður frá námunni í verklok.

Úr námu C upp af Innri-Hríshöfða verða teknir um 15-20.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni af um 7. 500 m<sup>2</sup> svæði í um 2-2,5 m lagi. Að lokinni efnistöku verður svæðið aðlagð umhverfinu.

Úr námu D sem er aurkeila í farvegi Innri-Hvannagilsár verða teknir um 40-50.000 m<sup>3</sup> af efni í burðarlag, fyllingar og malarslitlag á um 30-40.000 m<sup>2</sup> svæði. Áður hefur verið tekið efni á svæðinu ofan núverandi vegar. Að efnistöku lokinni mun áin flæmast um aurkeiluna en ánni verður veitt aðhald neðan við stálræsi.

#### 4.1.3 Aðrir kostir

Samkvæmt frummatsskýrslu kom ekki til greina að endurbyggja núverandi veg vegna ófullnægjandi legu og snjóþyngsla. Á undirbúningstíma framkvæmdarinnar voru bornar saman tvær leiðir (leið 2 og 3) við valkost framkvæmdaraðila (leið 1) frá Vatnsskarðsbrekkunni niður í Njarðvík.

Leið 2 liggur niður Innri-Hríshöfða suður fyrir Njarðvíkurá og er 300 m lengri en leið 1. Njarðvíkurá er þveruð í 20 m djúpu gili með miklum skeringum og fyllingum og liggur vegurinn um blautara land en leið 1. Efnismagn og kostnaður er meiri en við leið 1 og áhöld eru um hvort hún sé snjóléttari.

Leið 3 liggur um núverandi vegstæði niður Ytri-Hríshöfða og er 200 m lengri en leið 1. Hún er brattari og með fleiri krappar beygjur en leið 1 og liggur nálægt lyngbúa sem er friðlýst tegund skv. náttúruverndarlögum og á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kostnaður er meiri við leið 3 en leið 1.

## 4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu bætir fyrirhugaður vegur samgöngur og umferðaröryggi. Á Borgarfirði eystra eru um 150 íbúar þar af flestir í Bakkagerði. Nokkur umferð ferðamanna er um Borgarfjarðarveg yfir Vatnsskarð.

### 4.2.1 Veðurfar

Samkvæmt frummatsskýrslu er allsnjóþungt á framkvæmdasvæðinu og oft vindstrengur þar sem Vatnsskarðið er þrengst Njarðvíkurmegin. Vegurinn lækkar þar um nokkra metra og er talið að auknar hliðarskeringar dragi úr skaflasöfnun og snjóhvirflum. Síðustu fimm ár hefur vegurinn um Vatnsskarð verið lokaður vegna snjóá 5-48 daga á ári eða í 23 daga að meðaltali. Sett verður upp sjálfvirk veðurathugunarstöð á Vatnsskarði.

Magnús Þorsteinsson telur það ekki viðunandi markmið að snjósöfnun verði líklega minni en á núverandi vegi. Lokunardagar vegna snjóá hafi ekki farið niður í 5 daga á síðustu fimm árum heldur sé lágmarkið 10-20 dagar. Auka þurfi skeringar og fyllingar milli Hríshöfðanna til að draga úr snjósöfnun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að erfitt sé að fullyrða að alfarið muni draga úr snjósöfnun sem er háð mörgum þáttum s.s. aðstæðum, vindátt, úrkomu, hæð vegar yfir sjó o.fl. Með uppbyggingu vegarins mun snjómokstur verða auðveldari en áður því nýr vegur verður með minni og jafnari bratta og færri kröppum beygjum. Það er leiðrétt að vegurinn var alveg ófær vegna snjóá í 8 daga í stað 5 daga eins og kemur fram í frummatsskýrslu.

## 4.2.2 Frágangur núverandi vegar, brýr og áningarstaðir

Í frummatsskýrslu kemur fram að núverandi vegur verður lagaður að landinu. Gert er ráð fyrir þremur áningarstöðum; Héraðsmegin á Vatnsskarði, á háskarðinu og við snúningsbeygju á Innri-Hríshöfða. Ferðamálahópur Borgarfjarðar<sup>1</sup> óskar eftir samráði um staðsetningu og útlit áningarstaða.

Borgarfjarðarhreppur telur að brýr á Njarðvíkurá og Innri-Hvannagilsá og núverandi vegur ættu að standa áfram vegna umferðar göngufólks og sauðfjár. Austur-Hérað leggur áherslu á frágang núverandi vegar og að lokafrágangi framkvæmdarinnar verði hraðað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að báðar brýrnar séu einbreiðar og þjóni ekki nútíma kröfum til brúarmannvirkja. Ekki sé fjármagn til að viðhalda aflögðum brúm, nema þá sérstökum mannvirkjum. Að rífa brýrnar og jafna út núverandi veg er hluti af frágangi á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að við efnistöku í Innri-Hvannagilsá verði að hafa í huga að Hvannagilin séu áhugaverðir útivistarstaðir og vinsælar gönguleiðir. Nauðsynlegt sé að efnistaka á þessum stað verði skipulögð með þetta í huga, sem og frágangur.

## 4.2.3 Landnotkun

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur verið gerð skipulagstillaga að sumarbústaðasvæði milli Innri- og Ytri-Hríshöfða. Ekki liggur fyrir hvar vatnsból verður fyrir sumarbústaðasvæðið en í samráði við Borgarfjarðarhrepp verður sett ídráttarrör fyrir vatnslögn í gegnum veginn milli Innri- og Ytri-Hríshöfða þannig að möguleiki sé á sjálfrennandi vatni fyrir sumarbústaði.

Samkvæmt frummatsskýrslu þarf að færa símastreng þar sem hann þverar vegstæðið við stöð 6750 og stöðvar 8200-8400 í samráði við Landssímann.

## 4.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

### 4.4.1 Gróður

Samkvæmt frummatsskýrslu er gróður stopull á Vatnsskarði. Frá snúningsbeygju í Vatnsskarðsbrekku og niður fyrir Ytri-Hríshöfða liggur vegurinn hins vegar um gróinn lyngmóa og birkikjarr og um nokkuð fjölbreytt gróðurlendi niður að Njarðvíkurá. Þaðan liggur hann yfir hálfdeigju og mýrardrög og rakt graslendi á tæplega 600 m kafla. Vegurinn mun valda nokkurri röskun á grónu landi en ekki fundust sérstæð eða sjaldgæf gróðurlendi á framkvæmdasvæðinu. Þar sem vegurinn fer yfir hálfdeigju og mýrardrög verður hann byggður sem malarpúði ofan á landið. Hvorki verður ræst fram né teknar skeringar með vegi. Leitað verður ráðgjafar um uppgræðslu á svæðinu og samráð haft við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins, Skógrækt ríkisins og landeigendur.

Skógrækt ríkisins gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Náttúruvernd ríkisins telur að leið 1 sé betri kostur en leið 2 en ljóst sé að báðar valdi töluverðu raski á grónu landi. Leið 2 virðist liggja betur í landi en leið 1 en hefur þann ókost að þvera djúpt gil Njarðvíkurár sem líklega hefur í för með sér miklar skeringar

<sup>1</sup> Fylgiskjal 9 með frummatsskýrslu

og fyllingar beggja vegna gilsins. Þá mun leið 2 fara yfir meira votlendi en leið 1. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að þar sem fyrirhugaður vegur liggur um hálfdeigjur með mýraflákum verði öllu efni ekið í veginn og að rask á landi miðist fyrst og fremst við vegstæðið. Efni verði ekki hliðarýtt í veginn og leitast verði við að raska ekki vatnafari í votlendinu. Einnig er lögð áhersla á að skeringum og fyllingum verði haldið í lágmarki til að röskun á gróðurþekju verði sem minnst og að vegurinn verði sem minnst áberandi í landi sérstaklega milli Innri- og Ytri-Hríshöfða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin sé í samstarfi við nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins um endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem raskast við vegagerðina. Vegagerðin<sup>1</sup> mun leita samkomulags við landbúnaðarráðuneytið um endurheimt votlendis á eyðijörðum í eigu þess í Loðmundarfirði og Hjaltastaðapínghá um leið og samið verður um endurheimt votlendis vegna skerðinga á Háreksstaðaleið. Rask á votlendi á umræddu svæði verður í lágmarki. Fyllingar verða um 1,5-2 m og ræsi verða lögð í veginn þar sem vatnsfarvegir eru til staðar eða búast má við rennandi vatni.

#### 4.4.2 Dýralíf

Í frummatsskýrslu kemur fram að ekki eru til margar heimildir um dýralíf á þessum slóðum en samkvæmt upplýsingum frá staðkunnugum og ábúendum er nokkuð af rjúpu á svæðinu, stöku sinnum sést til lítilla hópa hreindýra og refs. Takmörkuð veiði er í Njarðvíkurá og Ytri-Hvannagilsá.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemdir við að ekki var gerð úttekt á dýralífi vegna framkvæmdarinnar.

Veiðimálastjóri leggur áherslu á að öll ræsi verði höfð vel fiskgeng, farið verði varlega í efnistöku úr aurkeilu í farvegi Innri-Hvannadalsár svo ekki verði meiri háttar aurburður niður í Njarðvíkurá á veiðitíma. Möl verði ekki tekin úr ánum nema að höfðu samráði við veiðimálastjóra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leitað var til staðkunnugra heimamanna eftir upplýsingum um hreindýr og fuglalíf og var þeim ekki kunnugt um sérstætt fuglalíf á svæðinu. Vegsvæðið liggur að miklum hluta hátt yfir sjó þar sem gróður er lítill og dýralíf því talið þar fábreytt. Stálröraræsi í Njarðvíkurá verður fiskgengt því það verður grafið um 0,5-1 m niður í árbotninn með svipuðum halla og árfarvegurinn svo ekki myndast flúðir neðan við það. Efnistaka verður í lágmarki í rennandi vatni, því ánni verður veitt fram hjá efnistökusvæðinu og/eða efni verður haugsett úr árfarvegi utan tímabilsins júlí-september.

#### 4.4 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Í frummatsskýrslu kemur fram að í Vatnsskarði setur stöðuvatn hvað mest svipmót á landið. Vegurinn liggur næst stöðuvatninu í 5-10 m fjarlægð. Skeringar og fyllingar verða víða miklar vegna mikils hliðarhalla og ójafns lands. Lífrænum jarðvegi verður ýtt til hliðar á námu- og skeringarsvæðum og jafnað yfir að efnistöku lokinni. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð utan vegsvæðis og námusvæða. Námur og skeringar verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

<sup>1</sup> Bréf Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar, dags. 31. maí 1999 um endurheimt votlendis.



Frágangur á öllu svæðinu verður í samráði við landeigendur, ábúendur, sveitarstjórn og eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins.

Austur-Hérað leggur áherslu á að núverandi vegur verði nýttur sem best.

Náttúruvernd ríkisins telur vert að athuga hvort ekki megi minnka skeringar og fyllingar í veglínunni t.d. frá vegfláa við Neðra-Vatnsskarð (stöð 8400) en þar er bratti mikill og vegfláinn nær u.þ.b. 50 m niður frá vegi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að með landlíkani hafi verið mögulegt að velja vegstæði þannig að fyllingar og skeringar væru í lámarki. Um er að ræða fjallveg og eitt af megin markmiðum að bæta samgöngur yfir veturinn. Vegurinn þarf að vera vel uppbyggður með miklar hliðarskeringar til að draga úr snjósöfnun. Snúningsbeygja við Neðra-Vatnsskarð (stöð 8400) er staðsett þannig að núverandi vegur verði nýttur sem mest. Vegna mikils hliðarhalla nær vegflái um 40-50 m út frá vegi í stað 50-60 m eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Magnús Þorsteinsson telur að leið 2 sé ekki að ráði lakari vegtæknilega séð en leið 1 en snjóléttari og valdi minni umhverfisröskun. Magnús telur að þverun Njarðvíkurár á leið 2 ætti að vera nokkru utar en Vegagerðin gerir ráð fyrir með lægri fyllingu, minni kostnaði og minni umhverfisáhrifum. Á leið 1 þurfi að auka skeringar og fyllingar milli Hríshöfðanna til að draga úr snjósöfnun en slíkt valdi miklum umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leið 2 var skoðuð ítarlega, en var ekki talin vænlegur kostur, m.a. vegna meiri bratta vegar, fleiri krappa beygja, meiri kostnaðar og umhverfisáhrifa. Bent er á að með fyllingu utar yfir Njarðvíkurá hefði vegurinn orðið of brattur og með snúningsbeygjum upp að Vatnsskarðsbrekku. Staðsetning á þverun Njarðvíkurár hafi verið valin þannig að bratti verði innan við 10 % þar sem nýr vegur liggur upp að Vatnsskarðsbrekku.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar um afmörkun efnistökusvæða og efnistöku. Gera verður áætlun um frágang svæðanna áður en efnistaka hefst.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur kynnt lagningu nýs 6,6 km langs vegarkafla á Borgarfjarðarvegi nr. 94 frá efsta hluta Vatnsskarðs á Austur-Héraði niður í Njarðvík í Borgarfjarðarhreppi. Stálræsi verða sett í Njarðvíkurá og Innri-Hvannagilsá í stað einbreiðra brúa. Vegurinn verður lagður malarslitlagi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi. Áætlað er að framkvæmdin verði unnin í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn sem er 4,6 km vegakafli yfir Vatnsskarð að Ytri-Hríshöfða er áætlað að bjóða út sumarið 1999 og mun framkvæmdum ljúka haustið 2000. Síðari áfangi er 2 km langur vegakafli frá Ytri-Hríshöfða niður í Njarðvík. Óljóst er hvenær ráðist verður í síðari áfanga framkvæmdarinnar.

Þörf er á endurbótum Borgarfjarðarvegar um Vatnsskarð eystra til að hægt sé að uppfylla kröfur um samgöngubætur og umferðaröryggi. Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lúta einkum að raski á landi og gróðri þar sem nýr vegur víkur frá núverandi vegi.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að frá efsta hluta Vatnsskarðs niður fyrir Vatnsskarðsbrekku sé ásætlanlegt að fara leið 1 sem framkvæmdaraðili hefur kynnt í frummatsskýrslu. Neðan Vatnsskarðsbrekku eru kynntir þrír kostir á legu fyrirhugaðs vegar. Leið 1 sem er valkostur framkvæmdaraðila og leið 2 munu báðar valda töluverðu raski á grónu landi. Leið 2 liggur betur í landinu en leið 1 en er brattari, með fleiri krappar beygjur og því vegtæknilega lakari kostur. Leið 2 fer auk þess yfir meira votlendi en leið 1. Leið 3 er vegtæknilega lakari kostur en leið 1 og 2. Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að m.t.t. öryggissjónarmiða sé ásætlanlegt að leggja fyrirhugaðan veg samkvæmt leið 1 neðan Vatnsskarðsbrekku.

Mikilvægt er að halda skeringum og fyllingum í lágmarki og forðast þannig rask á gróðurþekju og landi sérstaklega við Neðra-Vatnsskarð og milli Innri- og Ytri-Hríshöfða. Þar sem vegurinn fer yfir hálfdeigju og mýrardrög verði öllu efni ekið í veginn og raski á landi haldið í lágmarki eins og lagt er til í frummatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila. Samstarfi hefur verið komið á milli framkvæmdaraðila og nefndar á vegum landbúnaðarráðuneytisins um endurheimt votlendis. Leitað verði ráðgjafar um uppgræðslu á svæðinu og samráð haft við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins, Skógrækt ríkisins og landeigendur eins og lagt er til í frummatsskýrslu.

Þess verði gætt við lagningu stálræsa í Njarðvíkurá og Innri-Hvannagilsá að þau verði fiskgeng. Efnistaka í Innri-Hvannagilsá verði að höfðu samráði við veiðimálastjóra og þess gætt að aurburður verði í lágmarki á veiðitíma.

Umferð vinnuvéla takmarkist við vegsvæði og námur og samráð verði haft við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins um afmörkun efnistökusvæða og efnistöku.

Samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til Austur-Héraðs og Borgarfjarðarhrepps vegna framkvæmdarinnar. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu. Þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgða-ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna, athugasemdar og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Borgarfjarðarvegar um Vatnsskarð eystra samkvæmt leið 1

muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

## **6. ÚRSKURÐARORÐ**

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemd og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaðra lagningu Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð eystra samkvæmt leið 1 eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu, með því skilyrði að samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins, Skógrækt ríkisins og veiðimálastjóra um tilhögun framkvæmda og frágang að framkvæmdum loknum.

## **7. KÆRUFRESTUR**

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. september 1999.

Reykjavík, 27. júlí 1999

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson